

Dauður hundur, skrýttinn strákur

BÆKUR

FURÐULEGT HÁTTALAG HUNDS UM NÓTT

eftir breska rithöfundinn Mark Haddon (f. 1962). 270 bls. með stóru lettri. Kristín R. Thorlacius þýddi. Mál og menning 2004.

Aðalsöguhetja þessarar bókar er Kristófer Boone, 15 ára piltur með alvarleg hegðunar- og þroskafrávik. Hann býr með föður sínum í Swindon, Englandi, lifir reglubundnu og vernduðu lífi og stefnir á að ljúka samræmdu prófi í stærðfræði með láði. Sagan hefst þegar Kristófer finnur hund nágrannakonunnar gegnumrekinn með garðkvísl og ákveður að komast að því hver drap hann. Þrátt fyrir hegðunarvandkvæði, augljós Aspergereinkenni, lamandi ótta og gífurlega snertifælni ræðst Kristófer í að leysa morðgátuna en málin taka óvænta stefnu og öll tilvera hans snýst á hvolf.

Kristófer er fremur óvenjulegur sögumaður eins og gefur að skilja. Frásögnin er á einföldu máli sem sýnir vel takmarkanir hans í boðskiptum við annað fólk. Setningarnar eru stuttar og hefjast nær allar á „og“. Söguþráðurinn er sífellt rofinn með allskonar innskotum; stærðfræðipælingum, auglýsingum, slagorðum (t.d. bls. 208-9), hljóðum, litum og öðru áreiti úr umhverfinu sem trufla einbeitingu Kristófers og hann fer að æpa eða berja höfðinu við vegg. Hann skrifar söguna í stílabók undir leiðsögn Siobhan, kennara síns, en hún er fyrirferðarmikil í sögunni þótt hún stígi aldrei fram í eigin persónu. Hún leiðbeinir honum við skriftirnar og skýrir margt út fyrir honum af mikilli þolinmæði. Kristófer er reyndar sérlega illa í stakk búinn til þess að skrifa bók, hann skilur t.d. hvorki myndmál (hann notar það samt í bókinni) né tilfinningar og á afar erfitt með að setja sig í spor annarra. Hann kemst e.t.v. næst því sem kallað er að skrifa út frá hlutleysi eða eins konar núllpunkti – ef það er hægt. Kristófer skynjar veröldina öðruvísi en annað fólk, regla er honum lífsnauðsyn og það sem aðrir læra af sjálfu sér um samskipti og hegðun þarf að kenna honum sérstaklega. Öll áreiti setja hann út af laginu. Þegar hann kemur á nýjan stað tekur hann eftir öllu, áreitinn dynja á honum og þá „er það eins og tölva sé að gera of margt samtímis og örgjörvinn er yfirfullur og ekkert svigrúm til að sinna öðru“ (178) og ef hann er í fólksfjölda „er það eins og þegar tölva frýs og ég verð að loka augunum og setja hendurnar fyrir eyrun og stynja, sem er eins og að ýta á CTRL + ALT + DEL og loka forritum og slökkva á tölvunni og endurræsa svo að ég geti munað hvað ég er að gera og hvert ég eigi að fara“ (178).

Á bókarkápu segir að Kristófer sé einhverfur en það stendur hvergi skýrum stöfum í bókinni. Miðað við einhverfan einstakling er Kristófer ansi yfirvegaður sögumaður sem tekst að beita sjálfan sig og textann gríðarlegum aga. Einföld (einhverf) heimsmynd Kristófers gengur upp fyrir honum; aðrar persónur í bókinni sem eiga að heita „normal“ eru með allt sitt líf í einni flækju. Foreldrarnir hafa slitið samvistir, hjónabandið þoldi ekki álagið sem fylgir því að ala upp fatlað barn. Kristófer dregur upp mjög brotakennda mynd af þeim sem skapar gott svigrúm til að geta í eyðurnar. Hvort skyldi fá meiri samúð og skilning lesenda, faðirinn sem annast barnið á sinn ófullkomna hátt eða móðirin sem yfirgaf það af því hún taldi það öllum fyrir bestu?

Bygging sögunnar er einföld, spennukaflar og frásagnartafir til skiptis. Atburðarásin er spennandi þótt morðgátan renni fljótlega út í sandinn. Þýðingin er mjög rennileg, óþarfi þó að þýða nafn á hundategund eins og Golden Retriever („gullinsækir“). Þessi bók með hinum sérkennilega og langa titli er í senn sorgleg og fyndin saga um samskipti, tungumál og krísuna í næsta húsi. Hún hefur heillað alla aldurshópa; í Bretlandi var hún gefin út með mismunandi bókarkápum, sem skáldsaga fyrir fullorðna og unglingabók; hefur slegið sölumet í heimalandinu og nú er víst bíómynd í vændum.

Steinunn Inga Óttarsdóttir
<http://steinunninga.wordpress.com/>